REGLUGERÐ

um áburðarvörur.

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur með reglugerð þessari er að tryggja fullnægjandi gæði og öryggi þeirra áburðarvara sem reglugerðin tekur til, án þess að settar séu ónauðsynlegar hindranir á viðskipti með þær.

Reglugerðin tekur til áburðarvara án CE merkinga sem framleiddar eru á Íslandi og til áburðarvara sem samþykktar eru samkvæmt reglugerð um gagnkvæmt samþykki, sbr. reglugerð nr. 74/2014, sbr. reglugerð nr. 769/2024, sem innleiddi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515.

Reglugerðin gildir ekki um CE merkta áburðarvöru frá aðildaríkjum EES.

Reglugerðin gildir ekki um seyru, nema um sé að ræða hluta af blöndu eða seyru sem meðhöndluð hefur verið til að virka sem áburðarvara. Um meðhöndlun seyru gildir reglugerð nr. 799/1999.

2. gr.
Skilgreiningar.

*Áburður:*Tæknilega framleidd eða meðhöndluð vara sem vegna innihalds af plöntunæringarefnum hefur jákvæð áhrif á vöxt plantna, sveppa og þörunga. Þarf yfirleitt að nota árlega.

Áburðarvara: efni, blanda, örvera eða annað efni sem er borið á eða ætlað til að bera á plöntur eða rótarhvolf þeirra eða á sveppi eða jarðveginn umhverfis sveppina (e. *mycosphere*) eða ætlað til að mynda rótarhvolfið eða jarðveginn umhverfis sveppina, annaðhvort ein og sér eða blönduð með öðru efni, í þeim tilgangi að veita plöntum eða sveppum næringu eða bæta næringarnýtni þeirra.

Flokkur áburðarvara: einn af eftirfarandi flokkum: lífrænn áburður, lífrænir jarðvegsbætar, lífræn ræktunarefni, blanda lífrænna og ólífrænna áburðarvara, ólífræn ræktunarefni, lífræn jarðhuluefni, ólífræn ræktunarefni, líförvar og aukefni.

Aukaafurðir dýra: aukaafurðir dýra eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002, sbr. einnig reglugerð nr. 674/2017.

Framleiðsla: Framleiðsla þ.m.t. vinnsla, t.d. moltugerð, mylting, mölun, hitun, þurrkun, kögglun, hreinsun, blöndun, pökkun, hitasundrun og brennsla eða aðrar aðferðir, auk merkinga á vörum sem reglugerðin tekur til.

Framleiðandi: Sérhver sá einstaklingur eða lögaðili sem með sölu í huga framleiðir, hreinsar, blandar, pakkar og merkir vörur sem reglugerðin tekur til. Framleiðandi telst einnig sá sem að markaðsfærir eða selur eina af þeim vörum sem reglugerðin tekur til undir öðru nafni en varan er framleidd undir.

Innflytjandi: Sérhver sá sem flytur til landsins einhverja af þeim vörum sem reglugerðin tekur til.

Sala: Öll sala, birgðahald og hvers kyns miðlun þessara vara til neytenda. Sala tekur einnig til vara sem afhentar eru án endurgjalds.

Plöntunæringarefni: Sem plöntunæringarefni teljast aðalnæringarefnin köfnunarefni (N), fosfór (P) og kalí (K) og aukanæringarefnin kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na) og brennisteinn (S) og snefilefnin bór (B), kóbolt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), molýbden (Mo) og sink (Zn).

Sótthreinsun: meðhöndlun sem hefur það að markmiði að minnka hættu á því að sjúkdómsvaldar geti borist í menn, dýr eða plöntur við meðhöndlun eða notkun lífræns efnis.

Mykja: sjá skilgreiningar í 6. lið 3. gr. og 20. lið, 3. gr. reglugerðar 1069/2009/EB. Mykjan getur innihaldið dálítið af fóðri og þvottavatni auk skíts og þvags, sem fellur til við venjubundna hirðingu dýra eða meðhöndlun mykju.

Jarðvegur; náttúrulegar lausar jarðmyndanir af ólífrænu og/eða lífrænu efni, sem hefur byggst upp vegna margra ára líffræðilegar virkni

Jarðvegsbætandi efni: Vörur sem aðeins eða aðallega hafa jákvæð áhrif á efna- eðlis- eða líffræðilegt ástand jarðvegs og þar með aðeins óbein áhrif á plöntuvöxt.

Ræktunarefni: Efni af náttúrulegum toga eða gerviefni sem ein sér eða í blöndu, með eða án næringarefna eða annarra efna sem ætluð eru til ræktunar á plöntum.

Jarðhuluefni; næringarsnauð vara sem er dreift á yfirborð jarðvegs eða ræktunarefnis til þess að vernda efna-, eðlis- og líffræðilegt ástand hans og hindra illgresisvöxt eða sem skreyting.

Landbúnaðarafgangar: fóður- og plöntuleifar, leifar ræktunarefna og afgangar frá svepparæktun auk hvers konar lífrænna leyfa sem falla til í landbúnaði. Þetta felur ekki í sér efni sem unnin hafa verið meðhöndluð með varmaoxun.

Efni til jarðgerðar: Efni eða hvatar ætluð til íblöndunar í lífræn efni notuð til jarðgerðar eða til blöndunar í búfjáráburð til að flýta fyrir rotnun og bæta áburðargildi.

Vaxtarhvatar: Efni sem örva vöxt eða stýra þroska plantna án þess að um plöntunæringaráhrif sé að ræða.

Eingildur áburður: Eingildur áburður er áburður sem inniheldur aðeins eitt aðalnæringarefni.

Blandaður áburður: Blandaður áburður er ólífrænn áburður sem inniheldur a.m.k. tvö aðalnæringarefni og er framleiddur í verksmiðju þannig að aðalnæringarefnin eru annað hvort að öllu leyti eða að hluta til saman í efnasambandi.

Blandaðar áburðategundir: Blandaðar áburðategundir (tæknilega blandaður áburður) er ólífrænn áburður sem inniheldur a.m.k. tvö aðalnæringarefni og framleiddur er með því að blanda saman tveim eða fleiri eingildum áburðartegundum eða blönduðum áburði og einum eða fleiri eingildum áburðartegundum.

Lífrænn áburður: áburður eingöngu unnin úr dýra- eða jurtaríkinu eða blöndu af þeim og inniheldur a.m.k. 15% lífrænt kolefni (C) miðað við þurrefni, inniheldur plöntunæringarefni og hefur því beint áburðargildi umfram önnur jákvæð áhrif sem kunna að skapast fyrir plöntur. Þvagefni eða önnur tilbúin lífræn köfnunarefnissambönd eru ekki talin lífrænn áburður.

Blanda lífræns og jarðefnaáburðar: Er áburðarblanda þar sem a.m.k. einni tegund jarðefnaáburðar er blandað saman við lífrænan áburð til að auka næringargildi hans.

Kölkunarefni: Kalksamband eða kalkmagnesíumsamband sem hafa afsýrandi eiginleika. Geta innihaldið oxíð, hýdroxíð, karbónöt eða siliköt af kalsíum (Ca) eða magnesium (Mg).

Seyra: Allar tegundir af botnfalli sem verða til við hvers kyns hreinsun á fráveitum, rotþróm eða öðrum þeim búnaði sem notaður er til að hreinsa fráveitur.

Óunnin seyra: seyra sem hefur ekki verið sótthreinsuð eða gerð stöðug.

Landslagsjarðvegur: ræktunarefni sem er notað til að byggja upp garða, útivistarsvæði og fleiri landslagsverkefni.

Meltunarleifar: afgangar sem falla til eftir loftfirrða myltingu lífræns efni.

Líförvi: er vara sem er ætluð til að örva náttúrulega ferla með það að markmiði að bæta næringarupptöku plantna, virkni næringarefna, þol gegn umhverfisálagi án tilstillis lífvera, bæta gæðaeiginleika og aðgengileika næringarefna sem eru innilokuð í jarðveginum eða rótarhvolfinu.

Fiskeldi: Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, annarra vatnadýra og nytjastofna sjávar, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

Fiskeldismykja; mykja frá fiskeldisstöðvum sem samanstendur af fóðurleifum og fiskaskít, en inniheldur ekki dauðan fisk eða fiskhluta. Fiskeldismykja getur verið óunnin og unnin.

Aukefni: efni eða lífverur sem eru notaðar til að auka gæði vörunnar og framleiðsluferilsins. Þetta felur m.a í sér efni og lífverur sem eru notuð í litlu magni, til dæmis til að breyta leysanleika næringarefna, eins og efni sem breyta yfirborði agna, eða til að jafna vatnsmagn, eða til að minnka lykt, eða til að bæta jarðgerðar- og lífgasferla.

Þungmálmar: eftirfarandi þungmálmar teljast til aðskotaefna: blý (Pb), kadmíum (Cd), kopar (Cu), króm (Cr), kvikasilfur (Hg), nikkel (Ni), sink (Zn) til viðbótar telst málmleysinginn arsen (As) sem aðskotaefni.

Ólífrænt ræktunarefni: ræktunarefni sem er framleitt úr ólífrænum efnum svo sem sandi, steinull og þandur sandur.

Stórlífverur: Fjölfrumulífverur, oftast sýnilegar með berum augum, t.d. þráðormar, ánamaðkar, liðdýr (skordýr, köngulær) og nagdýr

Örverur: Örvera er smásæ einfruma lífvera. Til örvera teljast allir dreifkjörnungar, vírusar, auk frumdýra, gersveppa og ýmissa annarra smásærra heilkjörnunga sem eru einfruma eða mynda einfaldar frumuþyrpingar.

3. gr.

Viðaukar.

Viðaukar með reglugerð þessari gilda sem hluti reglugerðarinnar.

II. KAFLI
Vörugæði og markaðssetning.

4. gr.

Almennt um vörugæði.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn eða versla með áburðarvörur sem ekki uppfylla gæða- og öryggiskröfur sem þessi reglugerð kveður á um, einnig geti notkun þeirra reynst hættuleg mönnum, dýrum eða plöntum.

Vörur sem innihalda seyru, búfjáráburð þ.m.t. mykju frá fiskeldi, lífræn efni og skyld efni ber að meðhöndla þannig að ekki valdi smithættu fyrir menn, dýr eða plöntur.

Ef nota á seyru að hluta til eða öllu leyti í vörur sem reglugerð þessi tekur til skal seyran fyrst hafa hlotið viðurkenningu til slíkra nota af viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum.

Vörur sem reglugerð þessi tekur til verða að hafa sýnileg og skráningarhæf áhrif.

5. gr.

Markaðssetning og sala.

Vörur sem falla undir þessa reglugerð má aðeins markaðssetja uppfylli þær gæða og öryggiskröfur reglugerðarinnar, þar með talið kröfur til merkinga og skjalahalds.

Matvælastofnun getur bannað markaðssetningu vara sem falla undir þessa reglugerð séu gefnar upp misvísandi eða rangar upplýsingar um þær við markaðssetningu eða gefi heiti þeirra misvísandi eða villandi upplýsingar um virkni vörunnar.

Leiki vafi á gagnsemi vörunnar skal söluaðili geta sýnt fram á hana, með viðeigandi skjölum, við sölu.

III. KAFLI
Skráning, vöruvottun og tilkynningar.

6. gr.

Skráning.

Öllum þeim sem flytja inn eða framleiða vörur sem reglugerð þessi tekur til eða hyggjast hefja slíka starfsemi ber að tilkynna það til Matvælastofnunar og sækja þar með um skráningu áburðarfyrirtækis. Við skráningu áburðarfyrirtækis þarf eftirfarandi upplýsingar:

a. Heiti, kennitölu og heimilisfang fyrirtækis
b. Heiti og heimilisfang starfsstöðvar, sé það annað en í a-lið, þar sem meðhöndlun áburðarvörunnar fer fram.
c. Tengilið fyrirtækisins við Matvælastofnun
d. Starfsemi og starfssvið fyrirtækisins
e. Hvaða áburðarvörur eða hráefni fyrirtækið framleiðir, markaðssetur eða flytur inn.
f. Hvaða hráefni eru í áburðarvörunni
g. Hvaða aðferð er notuð við sótthreinsun áburðarvörunnar
h. Breytingar á starfsemi ef við á

DRÖG

i. Upplýsingar um aðstöðu fyrirtækisins fyrir starfsemi sem áburðarfyrirtæki t.d. vinnsluaðstöðu og geymslur.

Allar vörur sem reglugerð þessi tekur til skulu skráðar hjá Matvælastofnun áður en kynning, dreifing og sala hefst. Við skráningu skal eftirfarandi upplýst:

a. Vöruflokkur og vörutegund (áburður, jarðvegsbætandi efni o.s.frv.) ásamt vörulýsingu. Ef selja á vöruna undir sérstöku verslunarheiti skal það einnig gefið upp.
b. Nánari upplýsingar um innihald vörunnar af virkum efnum, efnasamböndum og annað það sem þýðingu hefur fyrir mat á eiginleikum vörunnar.
c. Fyrir vörur sem innihalda seyru, húsdýraáburð (þ.m.t. mykju frá fiskeldi), lífræn efni eða sambærileg efni, sbr. 3. mgr. 4. gr., þarf að lýsa þeirri vinnslu sem varan hefur hlotið t.d. með því sýna fram á að viðkomandi vara sé framleidd í samþykktum starfsstöðvum samkvæmt reglugerðum um aukaafurðir dýra eða sambærilegum reglum.
d. Upplýsingar um merkingu á umbúðum, miðum eða fylgiseðlum.

Matvælastofnun getur gert kröfur um vottun á virkni vörunnar og aðrar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar um vöruna, sbr. a-d lið 2. mgr.

Allar breytingar á áður gefnum upplýsingum skal tilkynna Matvælastofnun eins fljótt og unnt er og eigi síðar en þremur vikum áður en sala hinnar breyttu vöru hefst.

7. gr.

Innra eftirlit.

Fyrirtæki sem hyggjast sækja um skráningu ber að innleiða og framkvæma innra eftirlit.

Þessi skylda um innra eftirlit felur í sér að fyrirtækið skal:

a) Hafa yfirsýn yfir kröfur laga og reglugerða, sem gilda um starfsemi fyrirtækisins,
b) Hafa yfirsýn yfir skipulag fyrirtækisins og ábyrgðarskiptingu,
c) Gera hættugreiningu og skilgreina sérstaka áhættu í starfsemi fyrirtækisins og gera ráðstafanir til að draga úr slíkri áhættu,
d) Hafa verklagsreglur til staðar til að greina, leiðrétta og koma í veg fyrir endurtekin frávik,
e) Gera reglulega kerfisbundna endurskoðun á innra eftirliti til að tryggja að það virki eins og til er ætlast.

Aðgerðir samkvæmt liðum a – e hér að ofan skulu vera skráðar skriflega eins og nauðsynlegt er og eftir eðli fyrirtækisins, umfang þess og starfsemi, eðli áhættuþátta og stærð. Gögnin skulu vera aðgengileg fyrir eftirlit Matvælastofnunar.

8. gr.

Sýnatökur.

Eftirfarandi kröfur skulu gerðar um sýnatökur af áburðarvörum:

a) Taka skal dæmigerð sýni af vörum og hráefnum
b) Sýnin skulu tekin af einsleitum einingum.
c) Tíðni sýnataka skal miðast við hættu á að tilteknir áhættuþættir fari yfir leyfileg hámarksgildi og hættu á að aðrir þætti fari yfir uppgefin vikmörk.
d) Aðferðir við sýnatökur og meðhöndlun sýna vegna eftirlits með áburðarvörum eru settar fram í viðauka 8.

9. gr.

Greiningaaðferðir og greiningastofur.

Efna- og örverugreiningar skulu vera framkvæmdar á greiningarstofum, sem beita samþykktum aðferðum við greiningar sínar. Fyrirtæki sem framleiða og/eða pakka áburðarvörum skulu gera samning við greiningastofur. Slíkir samningar og niðurstöður greininga skulu vera aðgengileg við eftirlit Matvælastofnunar.

10. gr.

Aðskotaefni og örverur.

Þau aðskotaefni sem hafa verið skilgreind í áburðarvörum eru kadmíum (Cd), króm (Cr), kvikasilfur (Hg), nikkel (Ni), blý (Pb) ólífrænt arsen (As) og biuret ($C_2H_5N_3O_2$). Einnig eru hámarksgildi skilgreind fyrir kopar (Cu) og sink (Zn) séu þau ekki gefin upp í vörulýsingum sem hluti áburðarins.

Einnig eru skilgreind hámörk fyrir örverur, eins og Salmonellu tegundir og iðragerla (E. coli og/eða Enterococcaceae).

Hámörk fyrir þessi efni og örverur eru gefin upp í viðauka 7.

Innihaldi áburðarvara efni sem hámarksgildi leifa hefur verið ákvarðað fyrir í matvælum og fóðri í samræmi við:

a) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum
b) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EB
c) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004
d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006.
e) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri

Notkun áburðarvörunnar, eins og tilgreint er í notkunarleiðbeiningunum, má ekki leiða til þess að farið sé yfir þessi viðmiðunarmörk í matvælum eða fóðri.

Fyrir ólífrænan áburð sem inniheldur fosfór þarf að leggja fram yfirlýsingu um kadmíuminnihald áður en sala hefst. Í yfirlýsingu skal eftirfarandi koma fram:

a. Lýsing á viðkomandi áburðarvöru
b. Staðfesting á að áburðurinn innihaldi minna en 50 mg kadmíum (Cd) pr. kg. fosfór (P) (eða 22 mg kadmíum (Cd pr. kg. P_2O_5)).
c. Undirskrift frá framleiðanda eða þeim aðila sem ber ábyrgð á dreifingu og sölu á áburðinum.

Í viðauka 7 eru gefin hámörk fyrir aðskotaefni í mismunandi vöruflokkum.

11. gr.

Geymslur áburðarvara.

Geymslur fyrir áburðarvörur skulu vera með þeim hætti að gæði og öryggi varanna rýrni ekki í geymslu. Fyrirtæki sem framleiða, markaðssetja eða flytja inn áburðarvörur skulu geyma vörurnar með eftirfarandi hætti til að tryggja:

a. Þær mengist ekki eða að sjúkdómsvaldar sem geta valdið hættu fyrir heilsu manna eða dýra nái ekki að fjölga sér við geymsluna.
b. Þær mengist ekki af þungmálmum, lífrænum mengunarvöldum eða plöntuskaðvöldum.
c. Að þær rýrni ekki að gæðum vegna raka eða örvera.
d. Að það verði engar breytingar á samsetningu vörunnar, þannig að hún standist ekki lengur uppgefna vörulýsingu.

12. gr.

Rekjanleiki.

Fyrirtæki sem framleiða, markaðssetja eða flytja inn áburðarvörur skulu halda skrá yfir hvaðan þau hafa fengið áburðarvörurnar, hráefnin og aukefni, sem þau hafa fengið til sín. Einnig skulu þau halda skrá yfir viðtakendur áburðarvara sem þau hafa selt frá sér.

Skráin skal fela í sér meðfylgjandi upplýsingar:

a. Heiti og heimilisfang þess sem hefur selt fyrirtækinu vörunar, ásamt móttökudagsetningu og magni vörunnar sem þurrefni.
b. Heiti og heimilisfang móttakanda vörunnar ásamt afhendingardagsetningu og magni vörunar sem þurrefni.

Fyrirtækin skulu geyma þessar upplýsingar í a.m.k. 10 ár.

13. gr.

Undanþága frá kröfu um skráningu, vottun og tilkynningar.

DRÖG

Matvælastofnun getur veitt tímabundna undanþágu frá skráningu fyrir vörur sem reglugerð þessi tekur til, enda sé varan á þróunarstigi og staðfest að varan spilli ekki heilsu manna og dýra.

IV. KAFLI
Merking á vörum.

14. gr.
Merkingarskylda.

Framleiðendur og/eða dreifingaraðilar vöru sem reglugerð þessi tekur til eru skyldugir að sjá til þess að vörurnar séu greinilega merktar með vörulýsingu. Sekkjuð vara skal merkt með vörulýsingu, annað hvort á umbúðir eða á fylgimiða, sem festur er á umbúðir. Fyrir ósekkjaða vöru (í búlk) skal vörulýsingin fylgja sölunótu. Allar vörur þarf að auðkenna t.d. með skiltum á vörulager og á öllum sölustigum.

Fyrir allar vörur sem reglugerðin tekur til skal merkingu hagað sem hér segir, annað hvort á umbúðum, á miðum, á stafrænu formi eða með fylgiseðlum:

a. Vörulýsing (auðkenni) sbr. skilgreiningu í 15. gr.
b. Aðrar upplýsingar sem heimilaðar hafa verið skv. reglugerð þessari.
c. Vörumerki framleiðandans og venjulegt verslunarheiti vörunnar.
d. Sérstakar upplýsingar um notkun, geymslu og meðhöndlun vörunnar.

Upplýsingar þær sem nefndar eru undir stafaliðum c. og d. mega ekki vera í mótsögn við upplýsingar sem nefndar eru í stafaliðum a. og b. og verða að vera greinilega aðskildar frá þeim.

Merkingar sem krefjast má skv. öðrum reglum má setja á umbúðirnar, miða eða fylgiseðla. Þessar merkingar verða að vera greinilega aðskildar frá merkingum skv. þessari reglugerð.

15. gr.
Vörulýsing.

Í vörulýsingu á umbúðum, á miðum eða á fylgiseðlum þarf að gefa eftirfarandi upplýsingar:

1. Vörutegund: Stutt lýsing á uppruna og eðli áburðarvörunnar.
2. Vöruheiti – verslunarheiti áburðarvörunar.
3. Hráefnalýsing; sé um blandaða áburðarvöru að ræða skulu hráefni gefin upp í lækkandi röð hráefna m.v. þyngd.
4. Magn vörunnar skal gefið upp sem nettóþyngd eða rúmtak sé um fljótandi vöru að ræða.
5. Heiti og heimilisfang framleiðanda eða innflytjanda.
6. Innihald næringarefna, þegar þau eru tekin fram í markaðssetningu vörunnar:
    - Heildarköfnunarefni (N)
    - Nítratbundið-N (NO_3^-), ammoníaksbundið-N (NH_4^+) og þvagefnisbundið-N ($(NH_2)_2CO$).
    - Fosfór (P_2O_5) og kalíum (K_2O) (leysanleg í ammóníumlaktati)
    - Gefa skal upp hlutföll aukanæringarefna (CaO, MgO, SO_3, Na_2O) og snefilefna (B, Co, Cu, Fe, Mn, Mo og Zn) nái þau tilteknum lágmarksgildum sbr. viðauki 3 og sé þeim bætt við til að auka næringargildi vörunnar.
7. Eðliseiginleikar:
    - Þurrefnisinnihald (%)
    - Innihald lífræns efnis (sem glæðitap þurrefnis í %).

a. Vörutegund: Fyrir lífrænan og ólífrænan áburð í samræmi við 15. gr., fyrir kölkunarefni í samræmi við 33. gr. og fyrir ræktunarefni í samræmi við 35. gr. Fyrir vöru sem ekki er hægt að flokka skv. 15., 33. og 35. gr. skal flokkunin gefin samkvæmt uppruna vörunnar og tegund. Í slíkum tilvikum er vöruflokkunin ákveðin í samráði við Matvælastofnun.
b. Innihald næringarefna sem ábyrgst er og annarra virkra efna og þeir eiginleikar sem framleiðandi lýsir og ábyrgist með tilliti til gerðar og/eða leysanleika eins og kveðið er á um fyrir hverja vörutegund í viðaukum 1 og 2, eða í stöðlum sem tilgreindir eru í reglugerðinni.

c. Innihald nánar ákveðinna grunnefna eða efnasambanda, hugsanlega aðrir eiginleikar, þar sem það kann að vera ákveðið fyrir ákveðnar vörutegundir í seinni greinum þessarar reglugerðar, í viðaukum reglugerðarinnar eða í stöðlum sem reglugerðin vísar til.
d. Þungi eða rúmtak vöru. Fyrir áburðarvörur þarf alltaf að gefa upp nettó- eða brúttóþunga. Ef gefinn er upp brúttóþungi þarf einnig að gefa upp þyngd umbúða. Fyrir fljótandi áburðarvörur þarf að gefa upp magn í rúmmálseiningum t.d. lítrum.
e. Nafn og heimilisfang framleiðanda eða dreifingaraðila,

Fyrir vörur sem ekki er hægt að vöruflokka skv. 15., 33. og 35. gr. skal magn hins virka efnis gefið upp sem hundraðshluti af þunga vörunnar. Matvælastofnun getur heimilað að hið virka efni sé gefið upp í þunga miðað við ákveðið rúmtak. Vörulýsingin fyrir slíkar vörur ákveðst að öðru leyti af aðfangaeftirlitinu.

Næringarefnin á alltaf að telja í eftirfarandi röð: köfnunarefni (N), fosfór (P_2O_5 og/eða P), kalí (K_2O og/eða K), kalsíum (CaO og/eða Ca), magnesíum (MgO og/eða Mg), natríum (Na_2O og/eða Na), brennisteinn (SO_3 og/eða S), bór (B), kóbolt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn).

Innihald næringarefnanna á að gefa upp á grundvelli oxíðforms næringarefnisins og/eða frumefnis og skal alltaf gefa upp hlutfall frumefnis af þunga og efnafræðiheiti. Óheimilt er að gefa upp innihald af óskilgreindum næringarefnum. Matvælastofnun getur bannað að einhverjar þær upplýsingar séu gefnar þar sem vafi kann að leika á um raunverulega virkni.

Matvælastofnun getur heimilað að innihald næringarefna sé gefið upp á ákveðnu bili með tveimur tölum. Þetta bil má ekki vera stærra en tvöfalt leyfilegt efnafrávik viðkomandi efnis í áburðinum.

Í vörulýsingu má ekki taka fram að áburðarvaran hindri vöxt eða drepi ákveðnar plöntur t.d. mosa, enda á slík lýsing við um plöntuvarnarefni.

Leyfð vikmörk næringarefna mældra gilda frá skráðum gildum (merkingum) eru gefin upp í viðauka 5.

16. gr.
Kröfur um merkingar.

Miðar eða umbúðarmerkingar með tilskyldum vörulýsingum, sbr. 15. gr., skulu vera vel sýnilegir. Merkimiða verður að festa með lokunarbúnaði umbúða. Ef lokunarbúnaðurinn er innsigli verður það að vera á einhlítan hátt merkt framleiðanda, dreifingaraðila eða öðrum sem ábyrgð hefur skv. e-lið 15. gr.

Vörulýsingu má ekki vera hægt að afmá og hún verður að vera vel læsileg.

Þegar vörulýsing er gefin sem fylgiseðill (sbr. 14. gr.) verður eintak af fylgiseðlinum alltaf að vera með vörunni og vera aðgengilegt fyrir eftirlitsaðila.

Merkingar og texti á hugsanlegum fylgiseðlum eiga að vera á íslensku. Ef merking á umbúðum er ekki á íslensku skal tryggja kaupanda tilsvarandi upplýsingar á fylgiseðli á íslensku. Fylgiseðlar með lausri vöru skulu alltaf vera á íslensku.

Merkingar mega vera á stafrænu (digital) formi, en sé sú leið valin skal ávallt vera tryggt að kaupandi fái vörulýsingu á pappírsformi fari hann fram á það.

V. KAFLI
Áburðarvörur af lífrænum uppruna

17. gr.
Almennar kröfur.

Framleiðsla og notkun áburðarvara af lífrænum uppruna skal vera með þeim hætti að varan ógni ekki umhverfi og heilsu manna, dýra og plantna.

Til áburðarvara af lífrænum uppruna teljast m.a.: lífrænn áburður, lífrænir jarðvegsbætar, fiskimjöl, kjötmjöl og kjötbeinamjöl, molta, meltunarleifar (úr gasgerð), aska, lífrænn áburður blandaður með ólífrænum áburði, vaxtarefni með örverum, ræktunarefni, jarðhuluefni, húsdýraáburður og fiskeldismykja. Áburðarvörur sem eru markaðssettar og boðnar til sölu, skulu hafa

fengið skráningu hjá Matvælastofnun, vera merktar með tilskyldum hætti með vörulýsingu. Framleiðandi skal tryggja með viðeigandi rannsóknum að varan innihaldi ekki meiri aðskotaefni og óæskilegar örverur en reglugerðin gerir kröfur um.

Lífrænar áburðarvörur skiptast í flokka eftir ætlaðri notkun og eiginleika varanna. Aðgreining flokkanna kann að vera ógreinileg, en eftirfarandi skipting gefur mynd af þessari aðgreiningu:

Lífrænn áburður/blanda lífræns og ólífræns áburðar	Lífrænt efni þar sem áburðaráhrifin eru meiri en önnur áhrif á vöxt plantna.
Jarðvegsbætar	Hafa áhrif á eiginleika jarðvegs og hafa þannig óbein áhrif á vöxt plantna.
Jarðhuluefni	Er dreift á land eða ræktunarefni til að hindra illgresisvöxt og til að bæta eiginleika jarðvegsins.
Ræktunarefni	Ætlað til að rækta plöntur í, það er oftast blanda margvíslegra lífrænna og ólífrænna efna.

18. gr.

Leyfileg hráefni í áburðarvörur af lífrænum uppruna.

Leyfileg hráefni til framleiðslu áburðarvara af lífrænum uppruna eru listuð í viðauka 2.

19. gr.

Sannprófun nýrra vinnsluaðferða.

Sannprófun nýrra vinnsluaðferða, sem ekki hefur verið lýst annars staðar í reglugerðum með tilliti til sótthreinsunar skulu:

a) Sýna fram á með vísindalegum aðferðum í raunverulegum aðstæðum, að áhætta hafi verið minnkuð við vinnslu í ásættanlegt stig.
b) Sýna fram á með íblöndun í hráefni að vísilífveran *Acaris suum* hafi drepist að fullu.
c) Sýna fram á með íblöndun í hráefni að magn vísilífverunnar *Salmonella Senftenberg (775W, H_2S neikvæð)* hafi minnkað um 99,9% (5 $\log_{10}$).
d) Sýna fram á, þar sem við á, að fjöldi *E. coli* hafi minnkað niður fyrir 1.000 í 1g (blautvigt) eða 1ml (CFU).
e) Sýna fram á með íblöndun í hráefni, þar sem við á, að smithæfir blöðruklasar af klasamyndandi kartöflupráðormum drepist fullkomlega við aðferðina.
f) Sem valmöguleiki þar sem liðir b), c), d) og e) eiga ekki við, má velja einhverja aðra viðeigandi vísilífveru, þar sem sýnt er fram á að vinnsluaðferðin fækki þeim niður í ásættalegt magn.
g) Skilgreina skal hvar í vinnsluferlinu sótthreinsunin verður.
h) Skilgreina skal hvaða vinnsluþættir eru mikilvægir fyrir sótthreinsunina.
i) Ákvarða mikilvæg mörk fyrir vinnsluþætti í mismunandi stigum í vinnsluferlinu.

20. gr.

Stöðugleiki áburðarvara af lífrænum uppruna.

Framleiðendur skulu tryggja stöðugleika áburðarvara af lífrænum uppruna. Þeir skulu tryggja að þær valdi ekki skaða eða óþægindum vegna lyktar, umfram það sem vænta má við dreifingu og notkun áburðarvaranna. Lífræn efni í moltu og meltunarleifum skulu vera nægjanlega brotin niður svo þau hindri ekki vöxt plantna við notkun.

21. gr.

Notkun áburðarvara af lífrænum uppruna.

Reglur um notkun áburðarvara af lífrænum uppruna samkvæmt reglugerð þessari:

a. Ekki er heimilt að dreifa lífrænum áburðarvörum á frosið eða snævi þakið land.
b. Ef nota á lífrænar áburðarvörur á land nærri ám, lækjum og vötnum, skal það gert í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti til að koma í veg fyrir hættu á að afrennsli mengi vötn.

DRÖG

c. Land þar sem lífrænar áburðarvörur hafa verið bornar á skal ekki nýta til fóðuröflunar (sláttar og beitar) í að lágmarki 21 dag frá dreifingu áburðarins.
d. Heimilt er að nota óunninn húsdýraáburð á eigin bújörð, sem og land sem nýtt er af viðkomandi býli.
e. Heimilt er að nýta lífrænt efni sem fellur til á bújörð sem áburðarvöru á viðkomandi býli.
f. Heimilt er að nýta óunnið hrossatað sem áburðarvöru án vinnslu.
g. Heimilt er að nýta óunna fiskeldismykju á landgræðslu- og skógræktarsvæði, enda eru þau friðuð fyrir beit.
h. Heimilt er að nota moltu úr heimajarðgerð til eigin nota.

22. gr.

Flokkun áburðarvara af lífrænum uppruna.

Lífrænar áburðarvörur skiptast í 4 meginflokka eftir uppruna:

A. Án óunninna dýraafurða.
B. Úr aukaafurðum dýra með skilgreindan endapunkt með eða án blöndunar við efni af plöntuuppruna.
C. Úr aukaafurðum dýra án skilgreinds endapunkts.
D. Örverur.

23. gr.

A. Lífrænar áburðarvörur án dýraafurða.

Þessar áburðarvörur eru unnar úr margs konar plöntuafurðum t.d. grasi, laufum, hreinu timbri, trjám, greinum, ávöxtum, grænmeti, þörungum og sveppum. Þær skulu unnar í áburðarvörur samkvæmt þeim kröfum sem um þær gilda. Þessar áburðarvörur er svo unnt að nota einar sér eða í blöndur með öðrum.

Áburðarvörur af lífrænum uppruna geta verið unnar úr eftirfarandi efniviðum:

1. Plöntur, plöntuhlutar eða plöntuúrdrættir, þ.m.t. sveppir og þörungar (að undanskildum blágrænþörungum), sem ekki hafa farið í gegn um aðra vinnslu en skurð, mulning, mölun, sigtun, skiljun, pressun, þurrkun, frystingu, frostþurrkun eða útdrátt með vatni eða koltvísýringi (CO_2) í yfirmarksástandi.
2. Molta og meltunarleifar úr lífgasgerð:
   2.1. Molta fæst með með eftirfarandi aðferð:
      2.1.1. Moltugerðin skal fara fram í sérstakri vinnslustöð:
         2.1.1.1. Framleiðslulínan skal vera tryggilega varin fyrir utanaðkomandi mengun.
         2.1.1.2. Komið skal í veg fyrir snertingu hráefna við unna vöru bæði meðan á vinnslu og geymslu stendur.
      2.1.2. Moltugerð er loftháð og skal samanstanda af stýrðu niðurbroti lífbrjótanlegara hráefna, sem veldur líffræðilega framleiddum varma, sem hentar fyrir hitakærar örverur. Tryggja skal að allir hlutar framleiðslueiningarinnar hitni nægjanlega, en það má gera með því að hræra reglulega upp í einingunni eða beita knúinni loftræstingu í gegn um efnið. Tryggja skal einsleitni efniviðarins. Moltugerðarferlið fyrir hverja framleiðslulotu skal fara fram með eftirfarandi hita-/tímasniðum:
         2.1.2.1. 70°C eða meira í a.m.k. 3 sólarhringa
         2.1.2.2. 65°C eða meira í a.m.k. 5 sólarhringa
         2.1.2.3. 60°C eða meira í a.m.k. 7 sólarhringa
         2.1.2.4. 55°C eða meira í a.m.k. 14 sólarhringa
   2.2. Meltunarleifar úr lífgasgerð fæst með eftirfarandi aðferð:
      2.2.1. Myltingin skal fara fram í sérstakri vinnslustöð:
         2.2.1.1. Framleiðslulínan skal vera tryggilega varin fyrir utanaðkomandi mengun.
         2.2.1.2. Komið skal í veg fyrir snertingu hráefna við unna vöru bæði meðan á vinnslu og geymslu stendur.

2.2.2. Myltingin skal fara fram í 2 þrepum, loftfirrt hitakært niðurbrot lífbrjótanlegra efna við að lágmarki 55°C (gasgerðarferli), sem fylgt er eftir með loftháðu ferli sem felur í sér nægjanlega hitun fyrir gerilsneyðingu með eftirfarandi hætti
2.2.2.1. 70°C eða meira í a.m.k. 3 sólarhringa
2.2.2.2. 65°C eða meira í a.m.k. 5 sólarhringa
2.2.2.3. 60°C eða meira í a.m.k. 7 sólarhringa
2.2.2.4. 55°C eða meira í a.m.k. 14 sólarhringa

2.3. Hráefni fyrir moltu og meltunarleifar úr lífgasstöð:
2.3.1. Lífbrjótanleg efni, sem flokkuð eru á upprunastað. Þau skulu vera af plöntuuppruna sem falla til í görðum, matarafgangar og aðrir eldhúsafgangar sem falla til í eldhúsum, stórum og smáum, veisluþjónustum eða sambærilegu hráefni úr matvælavinnslum.
2.3.2. Afleiddum aukaafurðum dýra sem hafa verið unnar og farið í gegn um skilgreindan endapunkt vinnsluferilsins skv. reglugerðum um aukaafurðir dýra (sbr. reglugerð nr. 674/2017).
2.3.3. Aukefnum sem eru nauðsynleg til að bæta vinnsluafköst myltingarferilsins með eftirfarandi skilyrðum:
2.3.3.1. Að það hafi verið skráð leyft samkvæmt reglugerð nr. 1907/2006/EB.
2.3.3.2. Heildarstyrkur aukefnisins fari ekki yfir 5% af heildarþyngd hráefnanna.

2.4. Óleyfileg fyrir moltu- og meltunarleifar úr lífgasstöð:
2.4.1.1. Lífrænn hluti húsasorps sem hefur verið aðskilið með vélrænum, eðlisefnafræðilegum, lífrænum og/eða handvirkum hætti.
2.4.1.2. Skólpeðja eða eðja frá iðnaði eða dýpkunarefni.
2.4.1.3. Aukaafurðir úr dýrum sem falla innan gildissviðs reglugerða um aukaafurðir dýra (sbr. reglugerð nr. 674/2017).

2.5. Molta og meltunarleifar mega ekki innihalda meira en:
2.5.1. Mörk fyrir aðskotaefni og sjúkdómsvalda í moltu og meltunarleyfum eru tilgreind í A-lið viðauka 7.

2.6. Geymsla moltu og meltunarleifa:
2.6.1. Moltan og meltunarleifarnar skulu vera stöðugar þannig að þær botni ekki frekar niður við geymslu. Þannig að það hitni ekki í þeim með hættu á sjálfsíkveikju.

3. Aukaafurðir úr matvælaiðnaði:
3.1. Hér er átt við um nokkrar afurðir sem falla til við vinnslu matvæla, þó ekki dýraafurða. Ekki er reiknað með frekari vinnslu, en þá sem efnið fær við matvælavinnslu fyrir notkun þeirra sem áburðarvörur. Um er að ræða eftirfarandi efni:
3.1.1. Verksmiðjukalk úr matvælaiðnaðinum, þ.e. efniviður úr matvælavinnsluiðnaðinum sem fæst með kolsýringu á lífrænu efni þar sem eingöngu er notað brennt kalk frá náttúrulegum gjöfum.
3.1.2. Melassi, þ.e. seig aukaafurð frá hreinsun sykurreyrs eða sykurrófa í sykur.
3.1.3. Eimingardreggjar, þ.e. seig aukaafurð frá gerjunarferli melassa yfir í etanól, askorbínsýru eða aðrar vörur.
3.1.4. Dreggjar, þ.e. aukaafurðir sem verða við framleiðslu á áfengum drykkjum.
3.1.5. Plöntur, plöntuhlutar eða útdrættir úr plöntum sem hafa einungis farið í gegnum hitameðhöndlun eða hitameðhöndlun til viðbótar við vinnsluaðferðirnar sem um getur í 1. grein.
3.1.6. Kalk frá drykkjarvatnsframleiðslu, þ.e. leifar sem losna við framleiðslu á drykkjarvatni úr grunnvatni eða yfirborðsvatni og samanstanda að mestu úr kalsíumkarbónati.

4. Lífkol sem jarðvegsbætir:

4.1. Lífkol er gljúpt kolefnisríkt efni sem er framleitt með hitasundrun lífmassa og er nýtt á þann hátt að kolefnið úr lífmassanum geymist sem kolefnisforði og kemur í stað jarðefnaframleiðslu í iðnaði. Lífkol eru ekki ætluð til brennslu til orkuframleiðslu.

4.2. Leyfileg hráefni fyrir framleiðslu lífkola eru: Hreinn lífmassi úr plönturíkinu þ.m.t. viðarafurðir, börkur, hálmur. Lífmassinn má ekki innihalda efnameðhöndlaðan við (t.d. málaðan eða fúavarinn), pappírseðju, eða grænan úrgang úr sorphirðu, o.fl.). Ekki er leyfilegt að nota aukaafurðir dýra til framleiðslu lífkola.

4.3. Fyrirtæki sem hyggjast framleiða lífkol þurfa að fá skráningu hjá EBC (European Biochar Certification), sem setur kröfur um vinnslu lífkola.

4.4. Lífkol eru unnin með aðferðum sem kallast hitasundrun (pyrolysis) og/eða gösun (gasification). Hitasundrun er oftast eina vinnsluaðferðin, en gösun getur komið í kjölfarið sem viðbótarvinnsla.

4.5. Framleiðandi skal gefa upp hlutfall eftirfarandi næringarefna í lífkolum: köfnunarefni (N), fosfór (P_2O_5), kalí (K_2O), magnesíum (MgO), kalsíum (CaO) og járn (Fe)

4.6. Hitasundrun (pyrolysis) er hitun lífræns efnis við súrefnissnauðar aðstæður. Þar brotna lífræn efnasambönd niður við lágmarkshita 180°C í a.m.k. 2 sekúndur. Hitinn getur þó náð allt að 1000°C. Gefa þarf upp vinnsluhitastig, sem hver lota lífkola er unnin við og eru vikmörk hitans 20%, t.d. sé gefið upp að lota sé unnin við 600°C má hitinn sveiflast í stuttan tíma milli 480°C og 720°C.

4.7. Í lífkolum þarf hlutfall vetnis á móti lífrænu kolefni að vera minna en 0,7

4.8. Gösun (gasification) verður þegar lífkol hvarfast við vatnsgufu og súrefni við háan hita, allt að 1500°C, þar sem aðstreymi gufu og súrefnis er stjórnað. Út úr þessu ferli kemur H_2, CO og CO_2, en eftir sitja lífkolaleyfar sem nýtast sem áburðarvara.

4.9. Lífræn mengunarefni í lífkolum mega ekki fara upp fyrir eftirfarandi mörk:

Lífrænn mengunarvaldur	Hámarksgildi
PAH_{16}	6 mg PAH_{16} á hvert kg þurrefnis
PCDD/F Díoxín og furan	20 ng WHO eitrunarjafngildi af PCDD/F á kg þurrefnis.

24. gr.

B. Lífrænar áburðarvörur úr aukaafurðum dýra með skilgreindum endapunkti.

i. Efni sem má nota beint eftir vinnslu án íblöndunar annarra efna:
   a. Aska, sem fellur til við brennslu afurða úr 2. og 3. áhættuflokki.
   b. Leifar sem falla til við ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgasstöð.
   c. Molta sem unnin er úr aukaafurðum dýra.
   d. Unninn húsdýraáburður.

ii. Efni sem verður að blanda með öðrum efnum t.d. kalki, ólífrænum áburði eða efnum sem tilgreind eru í i-lið hér að ofan. Þessi íblöndunarefni skulu vera a.m.k. 10% af þunga tilbúnu áburðarvörunnar.
   a. Glýserín úr 2. og 3. áhættuflokki.
   b. Önnur efni en glýserín úr 3. áhættuflokki sem hafa fengið sérstaka meðferð.
   c. Unnið dýraprótein úr 3. áhættuflokki (t.d. fiskimjöl).
   d. Kjöt- og beinamjöl úr 2. áhættuflokki.
   e. Blóðafurðir úr efni úr 3. áhættuflokki.
   f. Vatnsrofið prótein, einnig vatnsrofið prótein sem fellur til við leður- og textíliðnað.
   g. Tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat.
   h. Afurðir úr hornum, klaufum, hófum.

DRÖG

25. gr.

C. Lífrænar áburðarvörur úr aukaafurðum dýra án skilgreinds endapunkts.

i. Fiskeldismykju má nota á land sem ætlað er til ræktunar matvæla, fóðurs, uppgræðslu eða skógræktar.

ii. Fiskmelta, unnin samkvæmt K-lið, IV. kafla, IV viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Þar sem þessi vinnsluaðferð hefur ekki skilgreindan endapunkt þarf að auki að blanda í hana efnum með sama hætti og kveðið er á um í ii. lið 24. gr.

Þessar vörur þurfa að vera merktar samkvæmt reglum um áburðarvörur og uppfylla sömu öryggiskröfur og aðrar áburðarvörur af lífrænum uppruna. Að þessum kröfum uppfylltum er heimilt að selja fiskeldismykju og fiskmeltu sem áburðarvöru.

26. gr.

D. Örverur í áburðarvörum.

Sérstök ákvæði varðandi merkingar áburðarvara sem innihalda örverur skulu innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar.

a. Vísindaheiti lífverunnar og íslenska og/eða enska heiti hennar
b. Fjöldi eða aðrar upplýsingar um magn hverrar örverutegundar
c. Skilgreiningu á virkni hverrar tegundar
d. Skilgreiningu á líffræði og útliti stærri lífvera.
e. Hafa ekki farið í gegn um aðra vinnslu en frostþurrkun
f. Eru meðfylgjandi:
   - Azotobacter spp.
   - Mycorrhizal spp.
   - Rhizobium spp.
   - Azospirillum spp.
g. Aðskotaefni í örveru áburðarvörum eru tilgreind í viðauka 7.

VI. KAFLI.

Köfnunarefnisríkur ammoníumnítratáburður.

27. gr.

Gildissvið.

Í þessum kafla merkir köfnunarefnisríkur ammoníumnítratáburður, hvort heldur er eingildur eða fjölgildur, vörur sem eru að stofni til úr ammoníumnítrati, eru framleiddar til notkunar sem áburður og innihalda yfir 28% af köfnunarefni, miðað við massa, sem hlutfall af ammoníumnítrati. Þessi tegund áburðar kann að innihalda ólífræn eða óvirk efni. Efnin, sem eru notuð við framleiðslu þessarar tegundar áburðar megi hvorki auka hitanæmi hans né sprengifimi.

28. gr.

Öryggisráðstafanir og öryggiseftirlit.

1. Framleiðandi eingilds, köfnunarefnisríks ammoníumnítratáburðar skal sjá til þess að hann sé í samræmi við ákvæði viðauka 6.

2. Þær athuganir, greiningar og prófanir vegna opinbers eftirlits með eingildum, köfnunarefnisríkum ammoníumáburði, sem kveðið er á um í þessum kafla, skulu fara fram í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í viðauka 6.

3. Til að tryggja rekjanleika köfnunarefnisríks EB-ammoníumnítratáburðar, sem er settur á markað, skal framleiðandi halda skrár yfir heiti og heimilisföng verksmiðjanna, þar sem áburðurinn og aðalefnisþættir hans eru framleiddir, og rekstraraðila þessara verksmiðja. Eftirlitsaðilar skulu hafa aðgang að þessum skrám til skoðunar á meðan framleiðandi heldur áfram að setja áburðinn á markað og auk þess í tvö ár eftir að framleiðandi hættir að setja hann á markað.

DRÖG

29. gr.

Sprengiþolsprófun.

Með fyrirvara um ráðstafanirnar, sem um getur í 27. gr., skal framleiðandi köfnunarefnisríks ammoníumnítratáburðar, sem er settur á markað, sjá til þess að sérhver tegund hans hafi staðist sprengiþolsprófunina sem um getur í viðauka 6. Sprengjuþolsprófanir skulu framkvæmdar á samþykktum rannsóknastofum sem hafa leyfi til að annast þessa prófun. Framleiðendur skulu leggja niðurstöður prófunarinnar fyrir áburðareftirlit Matvælastofnunar a.m.k. fimm dögum áður en þeir setja áburðinn á markað eða, þegar um innflutning frá 3. ríki er að ræða, a.m.k. fimm dögum áður en komið er með áburðinn að landi. Eftir það skal framleiðandi/dreifingaraðili halda áfram að ábyrgjast að allar birgðir áburðarins, sem eru settar á markaðinn, standist framangreinda prófun.

30. gr.

Umbúðir.

Köfnunarefnisríkur ammoníumnítratáburður skal ekki tiltækur neytendum nema í lokuðum innsigluðum umbúðum.

VII. KAFLI.

Ólífrænar áburðarvörur.

31. gr.

Ólífrænn áburður.

Ólífrænn áburður skal innihalda eitt eða fleiri meginnæringarefni, þ.e. köfnunarefni (N), fosfór (P) og kalí (K), og/eða eitt eða fleiri aukanæringarefni, þ.e. kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na) og brennistein (S).

Þessi næringarefni skulu vera í efnasamböndum sem tilgreind eru í köflum A og C í viðauka 1.

Áburðurinn getur verið eingildur, þ.e. með aðeins eitt meginnæringarefni (N, P eða K), eða tvígildur með tvö meginnæringarefni (NP, NK, PK), sbr. töflur 2 – 4 í kafla B í viðauka 1. Áburðurinn getur einnig verið þrígildur með (NPK áburður) með öll þrjú meginnæringarefnin sbr. töflu 1 í kafla B viðauka 1.

Aukanæringarefnin (Ca, Mg, Na og S) geta bæði verið eingild, blönduð innbyrðis eða blandað í áburð með aðalnæringarefnum.

Í C-lið viðauka 5 eru gefin upp vikmörk (þ.e. hver langt mæld gildi mega víkja frá skráðu gildi) fyrir megin- og aukanæringarefni.

32. gr.

Ólífrænn snefilefnaáburður.

Snefilefnaáburður skal innihalda eitt eða fleiri snefilefni, þ.e. bór (B), kóbalt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn). Snefilefnaáburður getur verið eingildur þ.e. með aðeins eitt snefilefni, tvígildur með tvö snefilefni eða fjölgildur með fleiri en tvö snefilefni. Einnig geta snefilefni verið blönduð í annan ólífrænan áburð.

Snefilefnin eru yfirleitt í efnasamböndum t.d. söltum en einnig geta þau verið klóbundin eða flókabundin. Þau efni sem binda snefilefni með þessum hætti kallast klóbindlar og flókabindlar. Tilgangangur þessara efna er að binda snefilefnin í jarðveginn og hindra útskolun þeirra, jafnframt að tempra magn þeirra sem aðgengilegt er plöntum þannig að þær geti tekið þau upp jafnt og þétt. Listar yfir leyfða klóbindla og flókabindla eru í viðauka 4.

Leyfileg vikmörk fyrir innihald snefilefna í áburði eru gefin upp í B-lið viðauka 5.

Hámarksgildi aðskotaefna eru gefin upp í D-lið viðauka 7.

33. gr.

Kölkunarefni.

Kölkunarefni skulu lagfæra sýrustig jarðvegs og gera næringarefni aðgengilegri fyrir plöntur. Þau skulu innihalda hýdroxíð, karbónöt eða siliköt af næringarefnunum kalsíum (Ca) eða magnesíum (Mg).

Leyfileg vikmörk fyrir kölkunarefni eru gefin upp í D-lið í viðauka 5.

Hámarksgildi aðskotaefna eru gefin upp í E-lið viðauka 7.

34. gr.

Ólífrænir jarðvegsbætar.

Ólífrænir jarðvegsbætar skulu ekki innihalda efni af lífrænum uppruna.

Hámarksgildi aðskotaefna eru gefin upp í G-lið viðauka 7.

35. gr.

Ræktunarefni.

Ræktunarefni eru efni til að rækta plöntur eða sveppi í og veitir þeim rótfestu og næringu til vaxtar. Jarðvegur á upprunastað telst ekki vera ræktunarefni.

Leyfileg vikmörk fyrir ræktunarefni eru gefin upp í F-lið í viðauka 5.

Hámarksgildi aðskotaefna eru gefin upp í H-lið viðauka 7.

VII. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.

36. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt 9. gr. laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

37. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um áburð og jarðvegsbætandi efni, nr. 398/1995.

DRÖG